

Ár 2025, miðvikudaginn 25. mars er dómþing dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið, af Þóru Margréti Hjaltsted, varaformanni dómstólsins.

Fyrir er tekið: Mál nr. 6/2025
Íshokkídeild Skautafélags Reykjavíkur
gegn
Íshokkídeild Ungmennafélagsins Fjölnis

Kæra ásamt fylgiskjölum liggur frammi í réttinum.

Er nú kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

Málið var kært til skrifstofu ÍSí þann 24. mars 2025 af Íshokkídeild Skautafélags Reykjavíkur. Kærði er Íshokkídeild Ungmennafélagsins Fjölnis.

Er málið nú á forræði dómara til að ganga úr skugga um að öll lagaskilyrði séu uppfyllt varðandi meðferð málsins fyrir dómstóli ÍSí.

I.

Dómkröfur kæranda eru þrjúþættar:

- Kærður er leikur kærða og kæranda sem fram fór þann 7. janúar 2025 og þess krafist að dæmt verði að kærði verði dæmdur til að tapa leiknum 10-0 þar sem leikheimild Styrmis Snorrasonar, markvarðar kærða, hafi verið ólögleg, sbr. 1. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna.
- Kærður er leikur kærða og Skautafélags Hafnarfjarðar, sem fram fór þann 4. október 2024 og þess krafist að dæmt verði að kærði verði dæmdur til að tapa leiknum 10-0 þar sem Henrik Logi Hafsteinsson, leikmaður kærða, hafi verið of ungur til að mega taka þátt í leiknum, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 13 um Íslandsmótið í íshokki og þar með verið ólöglegur leikmaður og því beri að dæma kærða til þess að tapa leiknum 10-0, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna.
- Kærður er leikur kærða og Skautafélags Hafnarfjarðar, sem fram fór þann 18. október 2024 og þess krafist að kærði verði dæmdur til að tapa leiknum 10-0 þar sem Henrik Logi Hafsteinsson, leikmaður kærða, hafi verið of ungur til að mega taka þátt í leiknum, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 13 um Íslandsmótið í íshokki og þar með verið ólöglegur leikmaður og því beri að dæma kærða til þess að tapa leiknum 10-0, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna.

II.

Kærandi byggir fyrstu dómkröfu á því að í nýföllum dómi ÍSí í máli nr. 3/2025 hafi leikheimild sem kærandi hafi vísað til í því máli og var gefin út af framkvæmdastjóra ÍHÍ verið talin andstæð ákvæðum laga, venja og reglna ÍHÍ. Telur kærandi því að leikheimild leikmannsins Styrmis Snorrasonar í öllum leikjum stefna frá 2022 hafi verið ólöglegt, þ.e.a.s. ef dómsniðurstaðan fái að standa. Því beri dómstól ÍSí að dæma kærða til að þola tap, 10-0, í leik sem fram fór þann 7. janúar 2025.

Þá telur kærandi að með tilliti til dómsniðurstöðu í máli nr. 3/2025 og greinar 31.1. í lögum ÍSí að kærandi eigi ríkra hagsmuna að gæta hvað varðar aðra og þriðju dómkröfu þar sem leikmaður kærða, Henrik Logi Hafsteinsson, hafi aðeins verið 14 ára gamall þegar kærði notaði hann sem leikmann meistaraflokks karla. Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ÍHÍ um Íslandsmótið í íshokki segi að leikmenn sem spili með meistaraflokki karla skuli hafa náð 15 ára aldri á árinu sem spilað er á. Af því leiði að dæma skuli kærða til að þola tap, 10-0, í leikjum sem fram fóru þann 4. og 18. október 2024, sbr. 1. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna. Þá vísar kærandi til 2. gr. reglugerðar nr. 3 þar sem kveðið er á um að dæma skuli félag sem notar ólöglegan leikmann til fjársektar auk þess sem 3. gr. reglugerðarinnar kveði á um að við ítrekuðu broti skuli viðkomandi félag dæmt til fjársekta og vísað frá keppni í allt að sex mánuði eftir eðli máls.

Í kæru vísar kærandi til þess að í ljósi nýfallins dóms ÍSí í máli nr. 3/2025 eigi við sérstakar ástæður sem eigi að leiða til þess að dómstóll ÍSí veiti undanþágu frá kærufresti eins og heimilt er samkvæmt grein 24.2 í lögum ÍSí og taki málið til efnislegrar meðferðar þrátt fyrir að kærufrestur vegna leikjanna sé liðinn.

III.

Niðurstaða

Dómkrafa í máli þessu varðar þrjá leiki í Toppdeild karla í íshokki sem fram fóru 4. og 18. október 2024 og 7. janúar 2025.

Samkvæmt grein 24.1 í lögum ÍSí er kærufrestur til dómstóls ÍSí sjö virkir dagar talið frá og með deginum eftir að atvik það sem kært er bar við. Þá segir í grein 24.2 að dómstóll ÍSí geti veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Í fyrsta lið dómkröfu byggir kærandi á að leikheimild Styrmis Snorrasonar leikmanns kærða í leik kærða og kæranda sem fram fór 7. janúar 2025 hafi verið ólöglegt og því til stuðnings er vísað til dóms í máli nr. 3/2025. Er jafnframt vísað til þess að í ljósi nýfallins dóms nr. 3/2025 eigi við sérstakar ástæður sem réttlæt geti að kæra sé tekin til meðferðar.

Í kæru er vísað til þess að í dómi dómstóls ÍSí í máli nr. 3/2025 hafi leikheimild sem kærandi og framkvæmdastjóri ÍHÍ vísuðu til í því máli sem fordæmi fyrir útgáfu leikheimildar, verið andstæð ákvæðum laga, venja og reglna ÍHÍ. Rétt er að taka fram að í framangreindum dómi er ekki fjallað um útgáfu leikheimildar Styrmis Snorrasonar heldur útgefin félagaskipti og leikheimild leikmanns kæranda og því liggur ekki fyrir niðurstaða um það hvort leikheimild Styrmis Snorrasonar hafi verið ólöglegt. Þá skortir á að sá hluti dómkröfunnar sé nægilega vel rökstuddur að öðru leyti þar sem stuttlega er vísað til röksemda aðila í öðru dómsmáli. Með vísan til framangreinds verður ekki séð að í málinu sé að finna aðstæður sem réttlæti að vikið sé frá kærufresti greinar 24.1 í lögum ÍSí sem kveður á um að kærufrestur sé sjö virkir dagar.

Kæra í málinu barst 24. mars 2025 og voru þá liðnir fleiri en sjö virkir dagar frá leik kæranda og kærða þann 7. janúar 2025. Með vísan til þess er fyrsta lið dómkröfu kæranda vísað frá dómi þar sem hún kom fram eftir að kærufrestur var liðinn, sbr. grein 24.1 í lögum ÍSí. Í ljósi þeirrar niðurstöðu verður ekki tekin afstaða til málsins að öðru leyti s.s. um það hvort dómkrafan uppfylli skilyrði gr. 26.2 laga ÍSí.

Aðrir liðir dómkröfu lúta að því að kærði hafi notað 14 ára gamlan leikmann í leikjum í Toppdeild karla í íshokki sem fram fóru 4. og 18. október 2024, sem brjóti gegn 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ÍHÍ um Íslandsmótið í íshokki. Ekki er í málinu að finna sérstakar ástæður sem lúta að þeim kröfum sem réttlæta að vikið verði frá kærufresti laganna. Með vísan til þess að kæra barst dómstólnum eftir að kærufrestur samkvæmt grein 24.1 var liðinn er kröfum kæranda vísað frá dómi.

IV.
Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Þóra Margrét Hjaltested

Málskotsheimild

Kærandi er bent á ákvæði gr. 24.3 í lögum ÍSÍ þar sem segir: Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi frest í fimm virka daga til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kærandi og almennir frídagar skulu ekki teljast með.

Kærandi hefur jafnframt rétt til að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ innan viku frá því aðila var kunnugt um úrskurðinn, sbr. gr. 35.1 og 35.3 laga ÍSÍ.